


Fjölbrautaskóli Snæfellinga –


.

8.október 2014
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Jón Eggert Bragason
Pétur Vilbergur Georgsson



Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Starfsemi skólans.....	3
3.	Nám og kennsla	4
4.	Þróunarvinna	4
	Nýjar námsbrautir.....	5
	Áfangalýsingar Vinnunni við áfangalýsingar og brautir er ekki lokið og hugmyndin er að næsta skólaár nýtist til áframhaldandi vinnu.	5
	Nýir áfangar	5
5.	Töluleg gögn um skólastarfið	5
6.	Námsmat	6
7.	Um námsárangur.....	7
8.	Ástundun	7
9.	Yfirlit yfir brottfall	8
10.	Kennslumat.....	8
11.	Sjálfsrýni kennara	8
12.	Viðhorfskannanir	8
	Viðhorfskönnun vorannar	9
	Samanburður og samantekt viðhorfskannana	10
	Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN veturinn 2013-2014.....	10
13.	Könnun á viðhorfum nemenda í nýnemaáfanganum FFÉ	12
14.	Ástundun	15
15.	Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	15
16.	Fylgiskjöl	17
	• Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok	17



1. Inngangur

Framhaldsskólum landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.

- 1) Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.
- 2) Um innra mat segir svo í 41. grein framhaldsskólalaga: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“


Sjálfsmat skóla á því að bæta skólastarfið og finna það sem vel er gert og laga það sem betur má fara. Í þessari skýrslu er sagt frá sjálfsmati í FSN og greint frá markmiðum og stefnu skólans og einnig er gerð grein fyrir vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2013-2014.

2. Starfsemi skólans

Markmið og hlutverk

Samkvæmt skólasamningi fyrir árin 2013-2014 milli Fjölbrautaskóla Snæfellinga og menntamálaráðuneytis eru markmið skólans þessi:

- Að fjölga ársnemum við FSN úr 196 2012 í 210 á árunum 2013-2014.
Þessum markmiðum verður náð m.a. með:
- *Markvissum kynningum fyrir foreldra/forráðamenn og nemendur efstu bekkja grunnskóla á upptökusvæði skólans.*
- *Kynning á dreifnámi skólans fyrir 18 ára og eldri óháð búsetu.*
- *Með enn frekari kynningu á umhverfis- og auðlindabraut, sem er samstarfsverkefni þriggja framhaldsskóla.*
- Skólinn framkvæmir árlegar viðhorfskannanir meðal nemenda skólans í því augnamiði að kanna líðan þeirra og viðhorf til skólans. Markmið skólans er að:
- *Hækka hlutfall þeirra sem segjast líða mjög vel eða vel í skólanum úr 87% vorið 2012 í 92% á samningstímanum.*
- *Hækka hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir eða ánægðir með að vera í FSN úr 88% vorið 2012 í 92% á samningstímanum.*



- Að auka námsframboð svo fleiri fái nám við hæfi með því að koma á námi til framhaldsskólaprófs á samningstímanum.
- *Hefja samstarf við fyrirtæki á svæðinu og vinnustaðanám í tengslum við bóklegt nám í FSN, á samningstímanum.*

Að vinna að innleiðingu laga nr.92/2008 á samningstímanum.

Vinna við brautarlýsingar og skipulag brauta verður lokið í apríl 2013.

Vinnu við áfangalýsingar sem taka mið af grunnþáttunum verður lokið í febrúar 2014.

Í febrúar 2014 verður sótt um til ráðuneytisins um leyfi til þess að innrita nemendur samkvæmt lögum nr.92/2008.

Að reksturinn skili jákvæðri niðurstöðu miðað við fjárlög 2013-2014.


Ekki tókst að koma fjölda ársnemenda upp í 201 nemendur.

3. Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara – að þeir nái betri tókum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Upplýsingatæknin er nýtt á margvíslegan hátt í náminu og fléttast inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfangans bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn er að meta vinnu nemenda frá viku til viku. Í nokkrum áföngum eru lokapróf.

4. Þróunarvinna

Vinna við breytingar samkvæmt nýrri námskrá hélt áfram veturinn 2013-2014. Í mars var sótt um leyfi til tilraunakennslu á nýjum námsbrautum veturinn 2014 – 2015. Um er að ræða braut til framhaldsskólaprófs 90 – 120 eininga braut, þrjár 200 eininga brautir til stúdentsprófs og starfsbraut sem enn er í smíðum. Brautalýsingar byggja á lögum nr.92/2008 og aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Við samningu brauta var stuðst við formið í námskrárgrunni ráðuneytisins og þar eru brautalýsingarnar FSN ósamþykktar þar sem okkur tókst ekki að ljúka vinnunni í grunninum vegna tæknilegra vandræða. Flest allar



Áfangalýsingar sem brautirnar byggja á eru í grunninum annað hvort samþykktar eða ekki undir mínir áfangar. FSN hefur nú þegar innleitt hæfnimiðaðar kennsluáætlanir og vinna við námsmat hér hefur byggt á leiðsagnarmati undanfarin 5-6 ár.

Nýjar námsbrautir

Stúdentsprófsbrautirnar eru allar með sama kjarna, 110 einingar, en bundna valið, 55 einingar, er ólíkt eftir brautum og á öllum brautum eru 35 einingar í frjálsu vali. Í kjarna allra brauta eru samþættu áfangarnir FFÉ sem unnir voru út frá grunnþáttum menntunar, þar sem viðfangsefnið er nærsamfélagið, upplýsingatækni og inngangur að félags- og raunvísindum.

Áfangalýsingar


Vinnunni við áfangalýsingar og brautir er ekki lokið og hugmyndin er að næsta skólaár nýtist til áframhaldandi vinnu.


Nýir áfangar

Skólaárið 2013-2014 hófst kennsla á nýjum áfanga sem ætlaður er fyrir nýnema. Áfanginn er þverfaglegur og gengur út á að samþætta námsgreinar og horfa til verkefna miðaðs náms. Í lok haustannar lagði sjálfsmatshópur könnun fyrir nemendur áfangans. (Fylgiskjal 3)


5. Töluleg gögn um skólastarfið

Á haustönn stunduðu 226 nemendur nám við skólann. Í nemendahópnum voru 105 drengir og 121 stúlkur. Á vorönn 2014 stunduðu 240 nemendur nám við skólann, en af þeim voru 121 drengir og 119 stúlkur.





Á haustönn 2013 voru starfsmenn skólans 34 í 25 stöðugildum og vorönn 2014 voru starfsmenn skólans 36 í 25 stöðugildum.



6. Námsmat

Stærstur hluti námsmats í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er símat en lítið er um lokapróf. Sagt hefur verið frá vinnu við leiðsagnarmat í skólanum í fyrri sjálfsmatsskýrslum og einnig má lesa um það á heimasíðu skólans:


<http://www.fsn.is/namogkennsla/namsmatogeinkunnir/Leidsagnarmat/>

Markmið skólans í leiðsagnarmati eru:

- Allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda
- Nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorfskönnun: líðan, aðstaða, skipulag kennslu.
- Sjálfsrýni kennara: Mat í lok annar.
- Viðhorf útskriftarnema. Rýnihópur og könnun.
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Ástæður brottfalls – niðurstöður og mat.
- Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).
- Könnun á viðhorfum nemenda í nýnema áfanganum Fjöllin, fjörðurinn og ég.

Vorönn 2014

- Viðhorfskönnun – líðan – aðstaða – skipulag kennslu.




- Sjálfsrýni kennara – Mat í lok annar.
- Ástæður brottfalls – niðurstöður og mat.
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorf útskriftarnema. Rýnihópur og könnun.
- Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).
- Rýnihópur með nemendum í Framhaldsdeild á Patreksfirði.
- Viðhorf foreldra nemenda í Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði

7. Um námsárangur

Ákveðið var 2007 að hætta að taka saman heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og föll. Sjálfsmatshópur lagði þá áherslu á að einhver yfirsýn fengist um námsárangur og skólameistari kannaði árangur í einstökum hópum, skimaði einkunnir og skoðaði nánar þau tilvik sem þörfuðust skoðunar, með kennurum. Þeirri aðferð var beitt á skólaárinu 2013-2014. Um námsárangur hvers hóps er fjallað á fundum sem skólameistari á með hverjum kennara.

8. Ástundun

Umsjónarkennarar fylgjast með ástundun umsjónarnemenda sinna. Þeir hafa samband við foreldra/forráðamenn ólögráða nemenda ef ástæða er til í þeim tilgangi að upplýsa þá og fá þá í lið með skólanum til þess að bæta ástundun. Námsráðgjafi skólans er iðulega kallaður til í viðleitni okkar til þess að rannsaka hvað veldur og leiðbeina að bættri ástundun. FSN hefur haft aðgang að sálfræðingi nú um nokkurt skeið og er það ómetanlegt því í sumum tilvikum er námsráðgjafinn kominn út fyrir sitt svið og þá er gott að geta vísað í önnur úrræði. Ef ekki tekst að fá nemendur til þess að bæta ástundun þá kemur að því að máli viðkomandi er vísað til skólameistara sem skoðar hvað hefur verið gert og hver er árangurinn. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og námsráðgjafi ákveða síðan hvort viðkomandi sé veitt formleg áminning þar sem andmælaréttur nemandans er virtur. Þetta ferli er unnið með vitund foreldra/forráðamanna ólögráða nemenda. Ef áminning hefur ekki tilætluð áhrif þá er gerður samningur við nemandann þar sem hann fær síðasta tækifærið til þess að bæta sig og ef það gerist ekki þá lítur skólinn svo á að hann hafi sagt sig frá námi. Þetta ferli er búið að vera við líði í nokkur ár og hefur virkað fyrir okkur þannig að í flestum tilvikum yfirgefur nemandinn skólann án þess að finnast að skólinn hafi brugðist sér. Á vorönn 2014 setti kennaraverkfall strik í þá framkvæmd sem hér hefur verið list. Nú á haustönn 2014 er ferlið í fullum gangi.



9. Yfirlit yfir brottfall

Skráning á brottfalli var ekki í því formi sem okkur þótti ásættanlegt. Síðastliðið ár var vinnureglum við skráningu á brottfalli breytt. Ástæður brottfalls eru nú skráðar í Innu og teknar saman í skýrslu sem send er mennta- og menningarmálaráðuneyti í lok annar.

10. Kennslumat


Samkvæmt framkvæmdaáætluninni um sjálfsmat hefur venjan verið að meta kennslu hjá þriðjungi kennarahópsins á hverri önn. Veturinn 2013-2014 var ákveðið að hvíla þessa tegund af mat vegna þess að svörun nemenda var ekki góð og niðurstöður voru því ekki marktækar, sérstaklega ekki í minni hópum. Veturinn 2014-2015 verður reynt að fara nýjar leiðir í kennslumati þar sem sjálfsmatsnefnd hefur ekki fundist þessar aðferðir vera nógu skilvirkar. Það kemur einkum fram í því að niðurstöður hafa komið seint og því hafa þær nýst lítið til umbóta. Þátttaka nemenda í kennslumatskönnunum hefur verið mjög dræm og svarhlutfall því verið svo lágt að niðurstöður gátu ekki talist marktækar.

11. Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti er ekki gerð sérstök skil af hálfu sjálfsmatshóps en minnt á að kennarar vinna sjálfsmat og skila allir kennarar kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni þessar skýrslu er síðan rætt í starfsmannaviðtali við skólameistara.

12. Viðhorfskönnunir

Viðhorfskönnun er lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn þar sem ýmsir þættir eru kannaðir, s.s. líðan nemenda, viðhorf þeirra til aðstöðunnar í skólanum og til skipulags kennslunnar. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er meginleg, í formi spurningalista, sem er send nemendum í tölvupósti, en þau hafa u.þ.b. viku til að svara. Sjálfsmatshópur FSN ásamt kennurum skólans hefur hvatt nemendur til að svara, þar sem nemendum er ætlaður tími til að vinna þetta í ákveðinni kennslustund. Sjálfsmatshópur FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi og nemendur fá kynningu á niðurstöðum á húsfundi. Á haustönn 2013 ákvað sjálfsmatshópur FSN að sleppa viðhorfskönnun þar sem svarhlutfall var orðið mjög lágt og því voru niðurstöður ekki marktækar. Við töldum því áhugavert að athuga hvort við fengjum betri þátttöku ef nemendur væru ekki að svara viðhorfskönnun nema einu sinni á skólaári.




Viðhorfskönnun vorannar


Viðhorfskönnun vorannar fór fram í apríl 2014. 64 nemendur svöruðu könnuninni. Helstu niðurstöður voru þær að um 93 af hundraði nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum. Þetta er ein besta niðurstaða sem komið hefur út úr þessari spurning frá árinu 2004. 90 af hundraði nemenda lýsa einnig ánægju sinni með veru sína í skólanum. 5,5% nemenda telja sig einhvern tímann hafa orðið fyrir einelti í FSN á skólagöngu sinni og 20% nemenda telja sig hafa horft upp á einelti innan veggja skólans. Þetta er lægsta hlutfall við þessari spurningu frá upphafi.

Niðurstöður fyrir 12

Telur þú þig hafa orðið fyrir einelti í FSN?

Svar	Talið	Prósent
Alltaf (1)	0	0.00%
Oftast (2)	1	1.85%
Stundum (3)	2	3.70%
Aldrei (4)	49	90.74%
Ekkert svar	2	3.70%





Samanburður og samantekt viðhorfskannana

Þeir nemendur sem svara viðhorfskönnunum okkar í FSN hafa sjaldan verið jákvæðari í garð skólans. Sama hvort er spurt út í matinn í mötuneytinu, áhuga nemenda á náminu, fyrirkomulag námsmats eða gæði kennslunnar. Á skólaárinu 2013-2014 virðast ekki vera vísbendingar um brotalamir sem stundum hafa verið staðfestar með þessum könnunum og er það vel. Meðal annars eru rúmlega 90% nemenda sem segjast vera ánægð eða mjög ánægð með kennsluna í FSN.

Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN veturinn 2013-2014


Nítján útskriftarnemendur svöruðu könnun sjálfsmatshóps veturinn 2012-2013. Þessi könnun er árviss og er þetta þriðja sinn sem hún er framkvæmd. Það sem er skoðað er hvernig nemendum finnst þjónustan í skólanum, skólabragurinn, kennslan og kennarar ásamt náminu í heild.

Meðal þess sem kom fram í þessari könnun var að útskriftarnemendur sjá ekki nógu mikinn tilgang með umsjónartímum:

Field summary for 5

Hvernig finnst þér umsjónartímarnir?


Answer	Count	Percentage
Mjög gagnlegir (1)	1	5.26%
Gagnlegir (2)	2	10.53%
Gagnlitlir (3)	10	52.63%
Óþarfir (4)	3	15.79%
No answer	1	5.26%
Not completed or Not displayed	2	10.53%



Field summary for 5

Hvernig finnst þér umsjónartímarnir?

Answer	Count	Percentage
--------	-------	------------




Skólinn hefur breytt áherslum í að vera meira einstaklingsmiðaðar í umsjónartímunum, en það felst í því að ætlast er til að allir umsjónarí lok annar.kennarar ræði einslega við sýna umsjónarnema á hverri önn. Hugmyndin er að þannig náist meiri nánd og gefist betri færi fyrir nemendur að ræða viðkvæmari málefni.

Útskriftarnemendur eru almennt ánægðir með samskipti sín við starfsfólk skólans:

Field summary for 8

Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað starfsfólk?


Answer	Count	Percentage
Mjög góð (1)	10	52.63%
Góð (2)	6	31.58%
Sæmileg (3)	1	5.26%
Léleg (4)	0	0.00%
No answer	0	0.00%
Not completed or Not displayed	2	10.53%



Field summary for 8

Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað starfsfólk?


Answer	Count	Percentage
--------	-------	------------



Flestir útskriftarnema voru á þeirri skoðun að námsráðgjöfin í skólanum hefði nýst þeim vel, andinn í skólanum væri góður og samskipti þeirra og annarra nemenda væru góð. Nemendur gáfu skólanum einkunn og meðaleinkunnin var 7,9. Félagslífið í skólanum fékk líka einkunn en meðaleinkunnin þar var 6,4. Flestir nemendur voru einnig ánægðir með kennara skólans, en þeir fengu meðaleinkunnina 7,5. Þessar tölur eru mjög nærri tölum síðasta vetrar. Af þeim sem svöruðu þessari könnun vildu allir nema tveir mæla með skólanum við aðra.

13. Könnun á viðhorfum nemenda í nýnemaáfanganum FFÉ

Áfanginn FFÉ, eða Fjöllin, fjörðurinn og ég var á dagskrá skólans í fyrsta sinn haustið 2013. Hugmyndin var að áfanginn yrði einskonar móttökuáfangi til að undirbúa nemendur fyrir frekara nám í FSN með áherslu á inngang að náttúru- og félagsvísindum, ásamt grunni í tölvunotkun og íslensku. Fjörtíu og níu nemendur svöruðu þessari könnun eða 93%.





Eitt af því sem var verið að reyna í áfanganum var að vera með alla nýnema saman í hóp, 53 nemendur og voru þá oftast tveir kennarar til staðar með hópinn, en eins og meðfylgjandi mynd sýnir þá fannst nemendum ekki alltaf auðvelt að nálgast kennarana í þessu vinnuumhverfi:

Field summary for 7

Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennurunum í þessum áfanga.

Answer	Count	Percentage
Mjög sammála (1)	9	20.00%
Frekar sammála (2)	13	28.89%
Hvorki sammála né ósammála (3)	16	35.56%
Frekar ósammála (4)	2	4.44%
Mjög ósammála (5)	4	8.89%
No answer	1	2.22%







Nemendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu viljað sjá framhald af áfanganum, en það var ein af hugmyndunum í upphafi skólaárs, en frá þeirri hugmynd var fallið á haustdögum þar sem nemendur sýndu lítinn áhuga á því

Field summary for 12

Ég er ánægð/ánægður með námsefni áfangans (kennslubækur, efni í Moodle).

Answer	Count	Percentage
Mjög sammála (1)	2	4.44%
Frekar sammála (2)	18	40.00%
Hvorki sammála né ósammála (3)	10	22.22%
Frekar ósammála (4)	10	22.22%
Mjög ósammála (5)	4	8.89%
No answer	1	2.22%





14. Ástundun

Umsjónarkennarar fylgjast með ástundun sinna umsjónarnemenda og hafa samband við foreldra/forráðamenn ef ástundunin er ekki í lagi. Með ástundun er átt við mætingu í tíma og virkni nemenda í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í. Ef vinna umsjónarkennara ber ekki árangur þá er málinu vísað til skólameistara sem metur hvort viðkomandi nemandi fari í áminningarferli eða er vísað í úrræði sem mögulega gætu komið að gagni fyrir viðkomandi. FSN hefur notið krafta sálfræðings síðustu annir sem hefur nýst okkur vel en sálfræðingurinn vinnur í nánú samstarfi við námsráðgjafa skólans. Vegna verkfalls framhaldsskólakennara á vorönn 2014 fór áminningarferlið svolítið úr skorðum en á því hefur verið skerpt á þessu haust.


Umsjónarkennarar fylgjast með ástundun sinna umsjónarnemenda og hafa samband við foreldra/forráðamenn ef ástundunin er ekki í lagi. Með ástundun er átt við mætingu í tíma og virkni nemenda í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í. Ef vinna umsjónarkennara ber ekki árangur þá er málinu vísað til skólameistara sem metur hvort viðkomandi nemandi fari í áminningarferli eða er vísað í úrræði sem mögulega gætu komið að gagni fyrir viðkomandi. FSN hefur notið krafta sálfræðings síðustu annir sem hefur nýst okkur vel en sálfræðingurinn vinnur í nánú samstarfi við námsráðgjafa skólans. Vegna verkfalls framhaldsskólakennara á vorönn 2014 fór áminningarferlið svolítið úr skorðum en á því hefur verið skerpt á þessu haust.

15. Styrkleikar, veikleikar og úrbætur


Niðurstöður úr viðhorfsskönnun á vorönn 2014 voru afar ánægjulegar fyrir skólann en 93 af hundraði nemenda sögðu að þeim liði mjög vel eða frekar vel í skólanum. Þetta er ein besta niðurstaða sem komið hefur út úr þessari spurning frá árinu 2004.

Hvernig hefur tekist að ná markmiðum skólans:

- Markmiðið að ná 210 náðist ekki en fjöldi ársnema við FSN 2013 voru 185 og það stefnir á svipaðan fjölda 2014.



- Kynningar á skólanum virðast hafa náð til nemenda eins og sést á því að um 80% útskrifaðra grunnskólanemenda af upptökusvæði skólans sækja um skólavist í FSN. Fjöldi dreifnema á haustönn 2014 eru tæpir 80 nemendur og hafa ekki verið fleiri í annan tíma.
- Hætt hefur verið við frekari kynningar á umhverfis- og auðlindabraut þar sem okkur hefur ekki tekist að fá nemendur á brautina að nokkru marki.
- Samkvæmt könnuninni vor 2014 voru 93% sem segjast líða vel eða mjög vel í FSN.
- 90% sögðu að þeir væru ánægðir eða mjög ánægðir með að vera í FSN.
- Þróunarverkefni á milli þriggja framhaldsskóla og fyrirtækja í sjávarútvegi á svæðum skólanna hefur staðið yfir á tímabilinu. Niðurstaðan hér í FSN er einföld enginn nemandi hefur valið þetta nám á fisktæknibraut.
- Hvað varðar vinnu við nýjar námsbrautir þá hefur sú vinna gengið eftir og tímasetningar haldið fyrir utan að brautarlýsingar voru ekki tilbúnar fyrr en á haustönn 2013. Skólinn fékk leyfi til þess að innrita ánýjar brautir vorið 2014 og þar með er fyrsta önn hafin þar sem nýnemum er kennt eftir áherslu nánmskrár frá 2011.
- Hér svöruðu 90% að þeir væru ánægðir eða mjög ánægðir með að vera í FSN.
- Árinu 2013 var skilað með um 5 m.kr. afgangi. Hvernig rekstrarárið 2014 á eftir að koma út er óljóst þar sem við höfum ekki getað fengið upp hvert framlag ríkisins til rekstursins verður.



16. Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok
 - Hugmyndir eða óðar flugur.
 - Kennari.
 - Áfangi.
 - Önn.
 - Hvernig kennsluhætti notaðir þú í áfanganum? Hvernig var tímanum varið? (Kennsluaðferðir, vikuáætlanir, þemaáætlanir, nýjungar).
 - Hvernig var námsmat í áfanganum? (T.d. símat eða lokapróf, gerð verkefna, hlutfall einstaklingsverkefna og hópverkefna og fleira sem máli skiptir).
 - Hvernig gekk kennslan að þínu mati? Gekk eitthvað sérstaklega vel? Gekk eitthvað öðruvísi en áætlað var?
 - Gerir þú ráð fyrir að breyta einhverju í áfanganum fyrir næstu önn? Hverju? Hvernig?

Vinsamlega skráið eftirfarandi upplýsingar um áfangann

- Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag).
- Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag).
- Hlutfall nemenda með falleinkunn.
- Meðaleinkunn.
- Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU).


Fleiri atriði sem þú vilt koma á framfæri varðandi kennsluna? (T.d. nýjungar, hugmyndir sem kviknuðu, hugleiðingar).

Page Break

Fylgiskjal 2 – Spurningarammi fyrir umræður í rýnihóp

Nám og kennsla í FSN

- Hvernig eru kennsluhættir í FSN?
- Hvaða aðferðir eru notaðar við kennslu í FSN?
- Verkefnamiðað nám:
- Hópavinna: kostir og gallar?
- Einstaklingsverkefni: kostir og gallar?
- Fjölbreytni í verkefnaskilum og verkefnum?
- Sein skil: bönnuð eða leyfð?



8. Fyrirlestrar: er mikið um þá, hvað er mikið, viljið þið meira eða minna?
9. Á að taka upp fyrirlestra og gera þá aðgengilega á netinu?
10. Fáðið þið góða kennslu: hvað er góð kennsla, hvað er léleg kennsla?

Verkefnatímar í FSN

1. Hvað finnst ykkur um verkefnatíma ?
2. Sækið þið hjálp til kennarans?
3. Ætti að vera skyldumæting?
4. Stundataflan, hvað finnst ykkur um hana, ætti hún að vera sveigjanleg?

Námsmat

1. Hvernig mynduð þið lýsa námsmati í FSN?
2. Hvað finnst ykkur um umsagnir og einkunnir?
3. Hvernig nýtið þið umsagnir?
4. Hvað finnst ykkur um jafningjamat og sjálfsmat?
5. Er námsmatið fjölbreytt?
6. Próf eða símat, hvort kjósið þið?

Skólabragurinn í FSN

1. Hver er upplifun ykkar af skólabrag í FSN?
2. Hvernig er andinn/mórallinn?

Almennt

1. Hvernig myndir þú lýsa FSN fyrir ókunnugum og/eða nýjum nemendum?
2. Hvað er jákvætt við FSN?
3. Hvað mætti betur fara?

